

Ed.

## 605. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 63, 7. maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. 1. gr. frv. skal orða svo :  
3. gr. laganna orðist svo :  
Dómsmálaráðherra eða sá, er hefir á hendi útgerðarstjórn varðskipanna, gerir starfssamning við skipstjóra og vélstjóra og semur um kaup þeirra og kjör.
2. 2. gr. frv. skal orða svo :  
4. gr. laganna orðist svo :  
Vélameistari ræður kyndara, en skipstjóri aðra starfsmenn skipsins, sem ekki eru taldir í 3. gr. Allir skipverjar skulu skráðir í skiprúm eftir fyrirmælum sjómannalaganna (l. nr. 41, 19. maí 1930) um lögskráningu sjómanna, enda gildi fyrirmæli þeirra laga um réttindi og skyldur skipverja yfirleitt.
3. 4. gr. skal orða svo :  
Á eftir 10. gr. komi ný 11. gr., svo hljóðandi :  
Nú fær varðskip laun fyrir björgun, og greiðast þá fyrst af björgunarlaununum öll útgjöld vegna björgunar, önnur en venjulegur rekstrarkostnaður varðskipsins, en af afganginum falla 25% til skipshafnar varðskipsins, ef skipið er búið björgunartækjum, annars 33<sup>1</sup>/<sub>2</sub>%. Hinn hluti björgunarlauna rennur í landhelgissjóð. Við skiptingu björgunarlauna skal fyrst taka 30% af fjárhæð þeirri, er kemur til skipta, og skiptist það jafnt milli þeirra, er lagt hafa sig í mesta hættu við björgunina. 70% björgunarlauna, er til skipta kemur, skiptist milli skipverja í réttu hlutfalli við fast kaup þeirra.